



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 53

Sveinbjörn Karl Árnason

(1904-1990)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 53

Sveinbjörn Karl Árnason, kaupmaður

(1904-1990)

Sveinbjörn Árnason, eigandi Fatabúðarinnar að Skólavörðustíg 21A, var fæddur 2. júlí 1904 á Ólafsvík, og lést í Reykjavík 17. mars 1990. Hann var kvæntur Súsönnu Maríu Grímsdóttur, sem fædd var 6. febrúar 1906, og lést 14. maí 1987. Dætur þeirra eru: Stefanía, Erna Ingibjörg og Karólína Björg.

Þann 17. janúar 1920, þá 15 ára gamall, kom Sveinbjörn frá Ólafsvík og hóf störf í verslun Haraldar Árnasonar. Haraldarbúð var ein glæsilegasta tískuverslun í Reykjavík. Sveinbjörn var fyrst sendisveinn, síðar afgreiðslumaður, verslunarstjóri og ráðgefandi framkvæmdastjóri. Hann dvaldi tvö sumur á Englandi 1926-1927, vann þar í verslun, lærði hagnýta verslunarhætti og lærði útstillingar. „Eftir að heim var kom mátti svo sjá það á verslun Haraldar, að nýjungar í sölutækni og útstillingum höfðu komið með Sveinbirni þangað.”¹ Sveinbjörn hafði ávallt mikinn áhuga fyrir auglýsingum og útstillingum og skrifaði fyrstur manna um útstillingar í Frjálsa verslun um 1940. Sveinbjörn skreytti einnig ýmsa aðra glugga í öðrum verslunum, og fyrir vörusýningar var hann fenginn til að skreyta. Hann skreytti Hótel Borg, þegar Friðrik konungur heimsótti Ísland, og síðar þegar Svíakonungur og Kekkonen Finnlandsforseti komu í kjölfar hans.²

Sveinbjörn stofnaði sína eigin verslun árið 1959, Fatabúðina við Skólavörðustíg.

Sveinbjörn var varaformaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í mörg ár og í stjórn Merkúrs, sendisveinadeild verzlunarmanna, meðan það félag var við lýði.

Haraldur Árnason, kaupmaður, var fæddur 4. nóvember 1886 á Akureyri og lést 8. október 1949. Kona hans var Arndís Bartels Árnason.

Dóttir Sveinbjarnar, Erna Sveinbjörnsdóttir Mathiesen, afhenti Borgarskjalasafni myndir þessar til varðveislu í júlí 1992; hún fékk myndirnar aftur heim til athugunar. Erna afhenti Borgarskjalasafni myndirnar til endanlegrar varðveislu 1. október 2001.

¹ Tíminn, 17. janúar 1960, óblsgr.

² Morgunblaðið, 17. janúar 1980, s. 10.

Skjalaskrá

Leyfisbréf til hjúskapar (hjónavígslubréf) með konungsinnsigli, 28. maí 1931 til handa Sveinbirni Árnasyni og Súsönnu Grímsdóttur.

Ljósmyndir úr verslun Haraldar Árnasonar:

M.a.: Gluggaústilling 1930; ústillingin er svanir á tjörn og ýmislegt blómaskraut í kring, allt búið til úr vasaklútum og minnir helst á „Ítalskan rósagarð“, eins og ústillingin iðulega var nefnd; ústilling úr karlmannafatadeild, jólaústilling; ústilling í karl- og kvenfatadeild, og barnadeild. Einnig húsgagnaústillingar.

Ljósmyndir af ústillingu í gluggum verslunarinnar í tilefni andláts eiganda.

Ljósmyndir af ústillingu í gluggum verslunarinnar í tilefni þjóðhátíðardags 17. júní.

Ljósmynd af konungi og drottningu við hátíðarhöld.

Ljósmyndir teknar við ýmis hátíðleg tækifæri; Sveinbjörn og kona hans á sumum myndanna.

Borðhald til heiðurs konungi á Hótel Borg.

Ljósmynd af starfsfólki Haraldarbúðar ásamt Haraldi Árnasyni fyrir miðju.

Ljósmynd úr ferðalagi; Sveinbjörn með á myndinni.

Auglýsingarmyndir af saumavélum; tvær; ljósmyndari Magnús Ólafsson.

Ljósmynd af Geysi (sennilega).

Nýárskort, 1920; kortið er auglýsing með almanaki fyrir Haraldarbúð; póstkort með ústillingu úr Haraldarbúð, tvö 1927; auglýsingarkort fyrir Haraldarbúð úr áli með almanaki, 1924.

Matseðill og dagskrá: Afmælishátíð Verzlunarmannafélags Reykjavíkur haldin að Hótel Borg laugardaginn 27. janúar 1951. VR 80 ára 27. janúar 1891 – 27. janúar 1952.

Prentað mál:

Akranes, V. árg. 2. tbl., febrúar 1946.

Frjáls verzlun, febrúar 1939, janúar 1940, febrúar 1940, 3.-4. hefti 1951.

Samtíðin, 20. árg. 3. hefti, nr. 191, apríl 1953.

Reykjavík 1954: Störf og stefna Sjálfstæðismanna í bæjarmálum höfuðstaðarins, Reykjavík 1954.

Ný tíðindi, 18. maí 1955.

Oddfellowblaðið, 8. árg. 2. tbl., október 1959.

Verzlunartíðindin, 13. árg., nr. 1, 1962.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur 1891-1941.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur 70 ára, 1891-1961.

Félag íslenskra stórkaupmanna 50 ára.

Úrklippur úr Tímanum 17. janúar 1960: „Innan við búðarborðið í 40 ár“; úr Morgunblaðinu 17. janúar 1980: „Spjallað við Sveinbjörn Árnason sem í dag á 60 ára starfsafmæli í verzlun“; og úr

Morgunblaðinu 18. janúar 1980: „Kaupmannasamtökin heiðra Sveinbjörn.“

Úrklippa úr Morgunblaðinu, þriðjudaginn 1. apríl 2003: Austurstræti 22 (Haraldarbúð).

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir